

Dýravika

Í byrjun september vorum við með dýraviku sem gekk mjög vel. Við fengum töluvert af dýrum í heimsókn og þetta var skemmtileg tilbreyting á hinu daglega starfi leikskólans.

Brunaæfing

27. september s.l. var brunaæfing hérna í leikskólanum. Þá var reykur settur inn í leikskólann og við þurftum að rýma hann í hvelli. Rýmingin gekk mjög vel. Kátakot og Sælukot gátu farið auðveldustu leið út en börnin á Vinakoti þurftu að fara út um glugga. Æfingunni lauk með bíltúr í Slökkviliðs- eða sjúkrabílnum og gerði það mikla lukku hjá börnunum.

Starfsmannabreytingar

Nokkrar breytingar hafa átt sér stað í starfsmannahópnum okkar. Njóla er komin aftur eftir barneignarfrí og Eva Rut farin í barneignarfrí. Helena Piechnik er komin til starfa á Sælukoti og Gerður Pétursdóttir sem verkefnastjóri yfir þróunarverkefnum. 1. nóvember byrjar Ragnheiður Ragnarsdóttir hjá okkur.

Starfsfólk

Rekstraraðili: Hafrún Víglundsdóttir

Leikskólastjóri: Elsa Pálsdóttir

Þroskaþjálfari: Linda Birgisdóttir

Verkefnastjóri: Gerður Pétursdóttir

Eldshús: Lilja og Ingibjörg

Aðstoðarmaður: Ella Dóra

Afleysing: Dóra Sigrún

Kátakot: Deildarstj. Julia leikskólakennari, Kolla og Dóra Steina

Sælukot: Deildarstj. Ragnheiður, Hafrún leikskólakennari, Helena, Þóra og Sibba.

Vinakot: Deildarstj. Hildur leikskólakennari, Ásdís, Arna Ósk, Dóra Sigrún og Njóla

Kveðja starfsfólk

Fréttabréf Gefnarborgar

Október 2006

Kæru foreldrar!

Nú er komið haust og vonandi allir tilbúnir til að takast á við komandi vetur. Töluverðar breytingar hafa átt sér stað í leikskólanum okkar með tilkomu nýbyggingarinnar. Elstu tveir árgangarnir hafa flutt sig á Vinakot sem er nýja deildin okkar. Yngsti árgangurinn er á Kátakoti og næstýngsti á Sælukoti. Salurinn í eldra húsinu hefur verið tekinn sem matsalur og þar borða börnin af Sælukoti og Vinakoti.

Starfsemin kemur einnig til með að taka breytingum og verða þær kynntar foreldrum á fundi sem haldinn verður í tengslum við foreldrakaffi 17.—19. október n.k.

Megináherslur í starfi verða þær sömu og undanfarin ár þ.e. stuðst verður við kenningar Howard Gardners þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín þar sem hann er sterkastur. Frjálsi leikurinn verður í fyrirrúmi svo og markviss málörvun, fjölmening, námsefnið *Stig af stigi* og síðast en ekki síst þróunarverkefnið okkar *Virðing og jákvæð samskipti*.

Við ætlum að gera margt áhugavert og spennandi í vetur þannig að vonandi eigum við öll skemmtilegan og ánægjulegan vetur í vændum.

Þróunarverkefnið *Virðing og jákvæð samskipti*

Þetta verkefni er til þriggja ára og erum við að hefja okkar annað ár. Margt fróðlegt og skemmtilegt hefur verið gert s.s. sett upp heimasíða, dagbók, unnið ýmislegt í tengslum hjálpssemi, kærleika, gleði og virðingu, einnig hefur ýmislegt verið gert til að bæta samskipti starfsfólksins.

Í haust byrjaði Gerður Pétursdóttir leikskólakennari sem verkefnastjóri yfir verkefninu og mun hún kynna sínar hugmyndir fyrir foreldrum á fundunum sem haldnir verða 17.—19. október n.k.

Við viljum benda foreldrum á heimasíðuna okkar <http://gefnaarborg.svgardur.is> en þar eru ýmsar upplýsingar um leikskólann, skóladaðatalið, dagbókin, myndir og ýmislegt fleira.

Grænmetisdagur

Föstudaginn 6. október verður grænmetisdagur hérna í leikskólanum. Þá mega börnin koma með uppáhalds grænmetið sitt í leikskólann, þau skera það niður og búa til sameiginlegt salat. Síðan verður grænmetisveisla þar sem hollustan verður í fyrirrúmi.

Skipulagsdagur

Við viljum minna ykkur á skipulagsdaginn föstudaginn 13. október n.k. þá verður leikskólinn lokaður.

Foreldrakaffi

Foreldrakaffi verður hér í leikskólanum 17.—19. október n.k. Þá verður hver deild með sinn dag þar sem foreldrum er boðið að borða morgunmat eða síðdegishressingu með börnunum sínum. Eftir matinn verður 30—40 mínútna fundur með foreldrum þar sem starfsfólk deildarinnar fer yfir starfsemi vetrarins og Gerður mun kynna vinnuna með þróunarverkefnið.

Foreldrakaffið hjá **Kátakoti verður þriðjudaginn 17. okt. kl.8:15 og fundurinn hefst kl. 8:45.** Hjá **Sælukoti verður það miðvikudaginn 18. okt** og á **Vinakoti fimmtudaginn 19. október á sama tíma** . Á **Vinakoti eftir hádegi** eru það mörg börn að þar verður sér fundur fyrir síðdegisforeldra **kl. 14 sama dag** og þeim boðið að borða síðdegishressingu með börnunum sínum þar á eftir.

Foreldrasamtöl

Vikuna 30. okt.— 3. nóv. verða foreldrasamtöl þar sem foreldrar fá tækifæri til að ræða við starfsfólk um sitt barn og það sem þeim liggur á hjarta í sambandi við það.

Táknmálsnámskeið

Í ágúst fór allt starfsfólkið á námskeið til að læra táknmál. Við ætlum að vera duglegar að æfa okkur og kenna börnunum að tjá sig á táknmáli.